



Umhverfis- og auðlindaráðuneytið  
Skuggasundi 1

101 Reykjavík

[postur@uar.is](mailto:postur@uar.is)  
Sent í samráðsgátt

/ Reykjavík, 27. ágúst 2018

**Mál: Umsögn um drög að aðgerðaáætlun um Árósasamninginn.**

Samtök atvinnulífsins og Samtök iðnaðarins taka undir margar tillögur sem settar eru fram í drögunum. Má þar nefna aukna fræðslu um efni og innihald Árósasamningsins og að styrkja úrskurðarnefndir, þar á meðal úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála þar sem málshraði er allt of langur. Samtökin vilja koma á framfæri nokkrum athugasemdum við aðgerðaáætlunina.

**Menntun og fræðsla**

Markmið aðgerðarinnar er skv. drögunum að „tryggja almenningi, Stjórnarráði Íslands og ríkisstofunum menntun og fræðslu um Árósasamninginn“. Samtökin telja mikilvægt að auka þekkingu bæði almennings og stjórnvalda á efnistöfum Árósasamningsins og áhrifa hans. Einnig er mikilvægt að þessi fræðsla nái til hagsmunaaðila og samtaka þeirra s.s. þeirra sem standa fyrir framkvæmdum. Einnig er mikilvægt að beina fræðslu að sveitarfélögunum. Samtökin benda á að hvergi er minnst á hvernig skuli auka menntun og fræðslu til almennings. Samtökin telja því að auka þurfi áherslu á þetta verkefni.

**Þátttaka umhverfisverndarsamtaka**

Samtökin hafa lengi talað fyrir nauðsyn víðtæks samráðs um mikilvæg hagsmunamál og á það líka við um umhverfismál. Það er á ábyrgð stjórnvalda að tryggja að öll sjónarmið komist að við stefnumótun og við ákvarðanatöku. Samtökin gera því ekki athugasemdir við að tryggja aðkomu umhverfisverndarsamtaka í slíkum málum, sbr. aðgerð 4 og 8. Samtökin áréttu þó að aðkoma atvinnulífsins og annarra hagsmunaaðila er ekki síður mikilvæg. Atvinnulífið gegnir lykilhlutverki í því að stuðla að því að markmið yfirvalda í umhverfismálum náist. Leggja samtökin því til að aðgerðaráætlun geri jafnframt ráð fyrir aukinni aðkomu atvinnulífsins í vinnu stjórnvalda í málum er varða umhverfið.

**Rafræn gátt**

Til að auka skilvirkni í málum tengdum umhverfisvernd, auka þátttöku almennings og stuðla að góðum vinnubrögðum í stjórnsýslunni er mikilvægt að aðgengi að gögnum sé gott og nýttir séu möguleikar tækninnar til að skapa yfirsýn og skilning á þeim málum sem til umfjöllunar eru. Samtökin fagna því aðgerð 9 sem felur í sér umbætur á vefsíðum stofnana ráðuneytisins með það að markmiði að tryggja betra aðgengi almennings að upplýsingum um umhverfistengd mál sem stofnanir ríkisins fást við. Þessi tillaga gengur þó að mati Samtakanna alltof skammt. Stjórnvöld ættu að stefna að því að búa til rafræna gátt þar sem auðvelt er að nálgast allar upplýsingar sem nú er að finna á vefsíðum stjórnvalda (e. one stop shop). Oft koma margar stofnanir að sömu



málum aftur og aftur, t.d. í tengslum við mat á umhverfisáhrifum, og því væri slík gátt til þess fallin að einfalda samskipti og auka skilvirkni stjórnsýslunnar.

### **Þriðja stoð Árósasamningsins**

Aðgerð 10 í áætluninni felur í sér að tryggja eigi rétt almennings til að fá tekin fyrir í stjórnsýslu- eða dómstólameðferð „*aðgerðir og aðgerðarleysi af hálfu einstaklinga og stjórnvalda, sem ganga gegn ákvæðum eigin landslaga um umhverfið*”. Samtökin benda á að nú þegar eru ýmis ákvæði í lögum sem fjalla um þetta efni og að þörf er á að leggja mat á núverandi löggjöf áður en tekin er ákvörðun um breytingar. Samtökin benda einnig á að íslensk umhverfislöggjöf er hlaðin alls kyns markmiðum sem ætlunin er að ná og að almenn ábyrgð á þessum markmiðum hvílir á stjórnvöldum, þ.e. framkvæmdavaldinu. Ekki þarf að leita lengra en til fyrstu þriggja greina laga um náttúruvernd nr. 60/2013 til að koma auga á að mjög skiptar skoðanir geta verið um hvernig framkvæmdavaldinu gengur að framfylgja þeim og hvort þeim sé yfirleitt framfylgt. Mörg fleiri sambærileg dæmi má finna í lögum. Þess vegna verður að sýna fyllstu gát við að festa í lög almenn ákvæði um aðgerðaleysi. Annars geta deilur um hvort staðið hafi verið við óljós og hástemmd markmið í lögum orðið efni til sífелlds málareksturs hvort sem er hjá úrskurðarnefndum eða dómstólum.

Virðingarfyllst,

f.h. Samtaka atvinnulífsins

f.h. Samtaka iðnaðarins